



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 9. júlí 2024
MSS23010279

Breytingar á samþykkt öldungaráðs

Á fundi borgarstjórnar 18. júní sl. var afgreiðslu á 2. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 14. júní, sem fjallaði um breytingu á samþykktum öldungaráð, frestað.

Á fundi öldungaráðs sem haldinn var 20. júní sl. var sú tillaga að breytingum á samþykktinni kynnt, sbr. bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 24. júní ásamt bréfi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins dags. 8. apríl sl.

Á fundi borgarstjórnar 18. júní sl. samþykkti borgarstjórn að fella niður reglulega borgarstjórnarfundum í júlí og ágúst nk. skv. heimild í 4. mgr. 8. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. Í sumarleyfi borgarstjórnar fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella sbr. ákvæði 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í ljósi þess að borgarráð fer með heimildir borgarstjórnar í sumarleyfi þess er tillaga að breytingu á samþykkt öldungaráðs nú lögð fram til þóknanlegrar meðferðar.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík